

Alþingi
Erindi nr. P 132/1140
komudagur 3.3.2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Bæjarráð Akureyrar hefur á fundi sínum 2. mars 2006 gert eftirfarandi bókun:

"Frumvarp til laga - 456. mál

2006020087 / 15-001

Erindi dags. 17. febrúar 2006 frá allsherjarnefnd Alþingis þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar, 456. mál. Fram var lögð tillaga að umsögn Akureyrarbæjar, sem unnin var af bæjarlögmanni og sviðsstjóra stjórnslusviðs.

Bæjarráð samþykkir að ofangreind tillaga verði send allsherjarnefnd Alþingis sem umsögn Akureyrarbæjar um lagafrumvarpið."

Þetta tilkynnist hér með.

f.h. bæjarstjóra
Sólveig Gunnarsdóttir

Umsögn um frumvarp til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar.

Akureyrarbær er eigandi að 5,475% hlut í Landsvirkjun skv. samningi milli eignaraðila Landsvirkjunar frá 28. október 1996, um breytingu á sameignarsamningnum frá 1981.

Tilgangur frumvarpsins er öflun lagaheimildar fyrir forsætisráðherra til að afsala tilteknum réttindum til Landsvirkjunar sem ætlun ríkisins var að leggja til fyrirtækisins við stofnun þess árið 1965.

Mál þetta á rætur að rekja til úrskurðar óbyggðanefndar 21. mars 2002 í máli nr. 7/2000, sem fjallaði m.a. um ráðstöfun lands- og vatnsréttinda á Gnúpverjaafrétti og um samninga Gnúpverjahrepps og framsal þeirra og um eignarréttindi á Gnúpverjaafrétti og Landmannaafrétti.

Óbyggðanefnd úrskurðaði að framsal Titan hf. til ríkisins 16. janúar 1952 vegna tiltekinna réttinda á svæðinu hafi verið byggð á vanheimild.

Því hefur orðið sú grundvallarbreyting á hefðbundinni eignarréttarlegri stöðu Landsvirkjunar við gildistöku laga nr. 58/1998 að gengnum úrskurði óbyggðanefndar nr. 7/2000 að ríkið telst eigandi þeirra fasteignarréttinda, lands- og vatnsréttinda, sem fram að því voru eigendalaus, en Landsvirkjun hafði áður að hluta talið til réttinda yfir á grundvelli þeirra heimilda sem einnig eru raktar hér að framan og óumdeilt er að ætlun ríkisins var að leggja til fyrirtækisins.

Því er Landsvirkjun nauðsyn að fá afsal frá ríkinu vegna þessara réttinda til að ríkið uppfylli skyldur sínar um stofnframlag árið 1965. Að öðrum kosti gæti það raskað eignarhlutföllum eignaraðila að Landsvirkjun.

Ekki verður séð að samþykkt frumvarpsins hafi áhrif á eignarhlut Akureyrarbæjar.

Akureyrarbær gerir því ekki aðrar athugasemdir við lagafrumvarpið en að framan greinir.

Akureyri 24. febrúar 2006,
Inga Þöll Þórgnýsdóttir
Dan Jens Brynjarsson

+354 562 4014

Alþingi
Erindi nr. P 132/1501
komudagur 29.3.2006



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu 150 Reykjavík

sími: 545 8400 bréfasími: 562 4014

postur@for.stjr.is

www.raduneyti.is

Símbréf

Viðtakandi:	Nefndasvið Alþingis Elin Valdís Þorsteinsdóttir	5630430
Sendandi:	Páll Þórhallsson	29. mars 2006
Tilvísun:	FOR05040017 / 0011-0	6 bls.

Efni: Afrit af bréfi ríkislögmanns til forsætisráðuneytis frá 12. september 2002

Hjál. sent skv. beiðni

+354 562 4014



RÍKISLÖGMAÐUR

DAGSETNING

TILVÍSUN

12. september 2002

E01202

Forsætisráðuneytið,
b.t. ráðuneytisstjóra,
Stjórnarráðshúsinu,
150 Reykjavík.

Forsætisráðuneytið			
Málsnr.	FOR 02060022	Ábm.	KAS
Db.	022-25	Aðrir	
Mótt.	12/9 2002	Svarfr.	
Aths.		LVM	

Efni: Beiðni um álitserð í tilefni af úrskurði óbyggðanefndar í málinu nr. 7/2000 og álit borgarlögmans varðandi eignarhlutföll eigenda Landsvirkjunar sf.

I.

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 20. júní s.l., til embættis ríkislögmans, var óskað eftir álit ríkislögmans á því hvort úrskurður óbyggðanefndar frá 21. mars s.l. í málinu nr. 7/2000 um Gnúpverjaafrétt, Þjórsárdal og efstu jarðir í Gnúpverjahreppi raski lögbundnum eignarhlutföllum eigenda Landsvirkjunar sf. Visað var til álits borgarlögmans til borgarstjóra, dags. 12. apríl s.l. þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að úrskurðurinn leiddi til röskunar á eignarhlutföllum eigenda. Ráðuneytið óskar eftir álit ríkislögmans á því hvort úrskurður óbyggðanefndar leiði til sömu niðurstöðu og ef svo væri, hvaða leiðir væru færar til að gera fyrirtækið eins sett og 1. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun gerir ráð fyrir, sbr. og 2. gr. sameignarsamning ríkisins og Reykjavíkurborgar frá 1. júlí 1965.

Í ofangreindu álit borgarlögmans er fullyrt að úrskurður óbyggðanefndar nr. 7/2000 hafi í för með sér breytingu á lögbundnum eignarhlutföllum eigenda Landsvirkjunar. Þessi fullyrðing er byggð á því að gildistaka þjóðlendulaga nr. 58/1998 hafi haft grundvallarbreytingu í för með sér á hefðbundinni eignarréttarlegri stöðu Landsvirkjunar, að gengnum úrskurði óbyggðanefndar á Þjórsársvæðinu. Með lagasetningunni og úrskurðinum hafi m.a. verið stofnað til eignarréttar íslenska ríkisins á vatnsréttindum í afrétti Gnúpverjahrepps. Þetta leiði aftur til þess að brostnar séu forsendur fyrir sameignarsamningi íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun frá 1. júlí 1965 um vatnsréttindi og þeirri löggjöf um Landsvirkjun sem fylgdi í kjölfarið þar sem kveðið er á um sama.

II.

Í sameignarsamningnum frá 1. júlí 1965 lagði íslenska ríkið til Landsvirkjunar m.a.: „Vatnsréttindi vegna 210 MW virkjunar í Þjórsá við Búrfell, ásamt landi, sem til þarf vegna virkjunarinnar og réttindi til nauðsynlegra aðgerða ofar í ánni, vegna þessarar virkjunar.“ Í eldri lögum nr. 59/1965 um Landsvirkjun er kveðið á um vatnsréttindi þau sem sameignarsamningurinn gerir ráð fyrir og í núgildandi lögum um Landsvirkjun nr. 42/1983 er vísað til vatnsréttinda sem Landsvirkjun eignaðist fyrir gildistöku laganna. Álit borgarlögmans sýnist byggt á því að framangreint

+354 562 4014

RÍKISLÖGMADUR

eigendaframlag íslenska ríkisins sé nú í uppnámi sökum þess, að framlagið sé ekki lengur á hendi Landsvirkjunar, að gengnum úrskurði óbyggðanefndar.

III.

Áður en lengra er haldið er nauðsynlegt að gera í stuttu máli grein fyrir helstu niðurstöðum óbyggðanefndar varðandi réttarstöðu Landsvirkjunar í afréttarlöndum Gnúpverjahrepps með tilliti til lands- og vatnsréttinda. Niðurstöður þessar eru raktar með ítarlegum hætti í kafla 12.4. í úrskurðinum, á bls. 233-267. Þær eru í meginatriðum þessar:

Í fyrsta lagi er komist að þeirri niðurstöðu að Gnúpverjaafréttur hafi aldrei verið undirorpinn einkaeignarétti. Réttur viðkomandi afréttarhafa felist þannig fyrst og fremst í beitarrétti, veiðirétti og eftir atvikum öðrum þrengri notum, eða því sem hefur verið kallað afréttareign. Í samræmi við þessa niðurstöðu telur óbyggðanefnd að Gnúpverjahrepp hafi skort eignarheimildir til þess að ráðstafa vatns- og landsréttindum á Gnúpverjaafrétti. Fossafélagið a/s Titan var þannig ekki réttilega komið að þeim lands- og vatnsréttindum sem skilanefnd félagsins seldi ríkissjóði þann 8. júní 1951 og ríkissjóður lagði síðan fram sem eigendaframlag við stofnun Landsvirkjunar. Geti Landsvirkjun þannig ekki byggt rétt á framsali eignarréttinda fyrir þann samning.

Jafnframt bendir óbyggðanefnd á, að áframhaldandi framsal þeirra réttinda sem Gnúpverjahreppur afsalaði Einari Benediktssyni með afsali frá 28. júlí 1916 hefur sætt verulegum takmörkunum, sbr. einkum afsal skilanefndar a/s Titan til ríkisins á árinu 1952 og svo ráðstöfun/framsal ríkisins til Landsvirkjunar skv. sameignasamningnum frá 1. júlí 1965. Af þessu dregur óbyggðanefnd þær ályktanir, að vafi leiki á því hvaða réttindi tilætlunin var að yfirfæra. Tilgreining réttindanna sem ráðstafað var til Landsvirkjunar skv. sameignarsamningnum frá 1. júlí 1965 sé hvorki afdráttarlaus, afmörkuð né skýr, og á óbyggðanefnd hér væntanlega m.a. við að óljóst sé hvort afsalað var beinum eignarréttindum eða óbeinum, þ.e. réttinum til hagnýtingar.

Í öðru lagi byggir óbyggðanefnd á því að meint eignarréttarleg staða Landsvirkjunar verði ekki byggð á þeim lagaheimildum sem Landsvirkjun vísi til. Óbyggðanefnd segir að í þeim lögum og/eða lögskýringargögnum sem Landsvirkjun vísi til, sé hvergi að finna áform í þá veru að stofna til hefðbundinna eignarréttarheimilda Landsvirkjun til handa að lands- og/eða vatnsréttindum. Þar af leiðandi hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi. Á hinn bóginn sé hér um að ræða óskilgreindan nýtingarrétt sem íslenska ríkið hafi stofnað til í skjóli valdheimilda sinna á grundvelli fullveldisréttar þess.

Til frekari stuðnings þessari niðurstöðu óbyggðanefndar vísar hún til þess, að í upphaflegu lögnum um Landsvirkjun nr. 59/1965 hafi beinlínis verið gert ráð fyrir því, sbr. t.d. 4. og 5. gr. laganna, sbr. 6. gr. þeirra, að Landsvirkjun yrðu lögð til ákveðin eignarréttindi, þar með talin vatnsréttindi, en það sé gert með

+354 562 4014

RÍKISLÖGMAÐUR

einkaeignarréttarlegri tilvísun til sameignarsamningsins, þar sem afhent hafi verið þau réttindi sem að hálfu íslenska ríkisins höfðu verið keypt af skilanefnd a/s Titan, sbr. 3. tl. A liðar 2. gr. samningsins. Samanburður á tilteknum lagaákvæðum laga nr. 59/1965, styðji eindregið þá niðurstöðu að lögbundnar heimildir til handa Landsvirkjun til þess að reisa og reka raforkuver verði ekki skýrðar svo að með þeim heimildum hafi verið tilætlan löggjafans að stofna til hefðbundinna einkaeignarréttarlegra heimilda í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Af þessu dregur óbyggðanefnd síðan þá ályktun, að í lagaheimildum til byggingar og reksturs virkjunar felist ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Íslenska ríkið sé því eigandi umræddra fasteignaréttinda, vatns- og landsréttinda, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 58/1998. Löggjafinn hafi þó í skjóli valdheimilda sinna veitt Landsvirkjun með lögum, ákveðinn en þó óskilgreindan nýtingarrétt á svæði því sem um ræðir í máli þessu.

IV.

Niðurstaða óbyggðanefndar varðandi réttarstöðu Landsvirkjunar, með tilliti til lands- og vatnsréttinda Landsvirkjunar í afrétti Gnúpverjahrepps, er í samræmi við kröfugerð íslenska ríkisins fyrir óbyggðanefnd. Undirritaður telur niðurstöður óbyggðanefndar að þessu leyti ágætlega rökstuddar, sannfærandi og eðlilegar miðað við þau gögn og heimildir sem nefndin byggir á í úrskurði sínum. Undirritaður telur jafnframt mjög líklegt að niðurstöður óbyggðanefndar varðandi lands- og vatnsréttindi Landsvirkjunar á svæði þessu yrðu staðfestar af dómstólum ef eftir því yrði leitað.

Nauðsynlegt er að hafa ofangreindar forsendur í huga þegar lagt er lögfræðilegt mat á það hvort niðurstöður óbyggðanefndar varðandi Landsvirkjun leiði til endurmats á eigendahlutföllum í Landsvirkjun s.f. vegna brostinna forsendna eins og álit borgarlögmanns sýnist byggt á.

Óumdeilt er að með þjóðlendlögum nr. 58/1998 var stofnað til eignarréttar íslenska ríkisins að öllu því landi sem við gildistöku laganna var talið eigendalaust. Samkvæmt lögumum fer íslenska ríkið með viðkomandi eignarheimildir í samræmi við 2. kafla laganna. Óbyggðanefnd hefur nú úrskurðað að afréttur Gnúpverjahrepps sé þjóðlenda í skilningi laganna með þeim takmörkunum sem nánar er kveðið á um. Þessi niðurstaða hefur vissulega í för með sér breytingu á meintri eignarréttarlegri stöðu Landsvirkjunar á tilgreindu landsvæði. Hvað Landsvirkjun sjálfa varðar er þetta þó ekki fulljóst því í úrskurði óbyggðanefndar á bls. 233-234 er fundið að því hve málflutningur Landsvirkjunar hafi verið óljós um eignarréttarlega stöðu fyrirtækisins á svæðinu. Þannig virðist Landsvirkjun sjálf ekki hafa gert nægilega skýran greinarmun á beinum eignarráðum annars vegar og óbeinum eignaréttindum eða hagnýtingarrétti hins vegar. Á þessu er grundvallarmunur og eins og áður er rakið komst óbyggðanefnd að þeirri niðurstöðu að hagnýtingarréttur (óbeinn eignarréttur) Landsvirkjunar væri fyrir hendi en beinn eignarréttur talinn ósannaður.

+354 562 4014

RÍKISLÖGMAÐUR

Ekki verður séð að nokkur ágreiningur sé um að íslenska ríkið hafi lagt Landsvirkjun til lands- og vatnsréttindi með sameignarsamningnum 1. júlí 1965. Þessi tilteknu réttindi voru auk þess skilgreind í eldri lögum um Landsvirkjun nr. 59/1965 og síðar í núgildandi lögum nr. 42/1983. Íslenska ríkið lagði réttindi þessi fram sem eigendaframlag með samningnum 1. júlí 1965. Að mati undirritaðs verður ekki að óbreyttu hróflað við þessum réttindum þrátt fyrir niðurstöðu óbyggðanefndar. Hins vegar virðist borgarlögmaður telja að framlag ríkisins samkvæmt samkomulaginu hafi verið bein eignayfirfærsla í hefðbundnum einkaeignarréttarlegum skilningi og að gengnum úrskurði óbyggðarnefndar sé þetta framlag nú að engu orðið. Að mati undirritaðs er þetta misskilningur.

Undirritaður vísar aftur til umfjöllunar óbyggðanefndar og rökstuðnings hennar varðandi niðurstöður í þætti Landsvirkjunar. Vísast sérstaklega til umfjöllunar um samninga bænda við Einar Benediktsson og gildi þeirra samninga á öndverðri síðustu öld. Ennfremur vísast til skýringa óbyggðanefndar á samningi ríkisins við skilanefnd a/s Titan 1951 með skírskotun til sameignarsamningsins frá 1. júlí 1965 og öðrum lagasjónarmiðum sem reifuð eru í því samhengi. Með hliðsjón af framansögðu telur undirritaður alfarið ósannað að skilja megi framsal íslenska ríkisins samkvæmt 3. tl. A-liðar 2. gr. sameignarsamningsins frá 1. júlí 1965 sem hefðbundið einkaréttarlegt framsal fasteignar. Við mat á þessu skiptir miklu máli að íslenska ríkið gat framselt hagnýtingarréttinn á svæðum sem ekki voru undirorpin einkaeignarrétti gegn greiðslu á grundvelli valdheimilda sinna sem fullvalda ríki. Í þessu samhengi voru viðskipti íslenska ríkisins við skilanefnd a/s Titan því aukaatriði og án beinna tengsla við framlag ríkisins til Landsvirkjunar síðar.

Hér er því aftur við að bæta að hagnýtingarréttur hefur verið skilgreindur sem óbein eignarréttindi til aðgreiningar frá beinum eignarréttindum. Hæstiréttur Íslands hefur í nokkrum dómum sínum staðfest rétt íslenska ríkisins til ráðstöfunar og hagnýtingar á svæðum sem ekki voru undirorpin einkaeignarrétti.

Af framansögðu leiðir að framlag íslenska ríkisins til Landsvirkjunar með samkomulaginu 1. júlí 1965 er enn í fullu gildi, sbr. 4. gr. laga nr. 42/1983. Samkvæmt lagagreininni er Landsvirkjun eigandi vatnsréttinda. Það er hvorki hægt að túlka samninginn né lagagreinina á þann hátt að þar sé átt við að Landsvirkjun sé eigandi lands- og vatnsréttinda í beinum einkaeignarlegum skilningi og svo hefur aldrei verið. Umdeilt land, með tilheyrandi lands- og vatnsréttindum, er nú formlega þjóðlenda undir eignarréttarlegri stjórn íslenska ríkisins., sbr. lög 58/1998. Samkvæmt samkomulagi eigenda Landsvirkjunar og samkvæmt ákvæðum laga nr. 42/1983 hefur fyrirtækið til hagnýtingar nánar tilgreind vatns- og landsréttindi til virkjanaframkvæmda í og við Þjórsá. Réttindi þessi hefur íslenska ríkið m.a. lagt til fyrirtækisins sem greiðsluframlag og er eignarhald íslenska ríkisins í Landsvirkjun miðað með öðrum eignum við þetta framlag, sbr. 1. gr. laga nr. 42/1983 og forsögu þess.

+354 562 4014

RÍKISLÖGMÆÐUR


V.

Undirritaður getur tekið undir þau ummæli óbyggðanefndar, á bls. 241 í úrskurði, að setning þjóðlendlaga hafi haft í för með sér breytingu á hefðbundinni eignarréttarlegri stöðu Landsvirkjunar á umdeildu landsvæði. Fyrir gildistöku laganna var svæðið talið eigendalaust en eftir gildistöku laganna, að gengnum úrskurði óbyggðanefndar, er íslenska ríkið talið eigandi landsvæða sem ekki eru undirorpín einkaeignarrétti. Í framhaldi af breyttri réttarskipan er því eðlilegt að mæla nánar fyrir um og/eða skilgreina frekar réttarstöðu Landsvirkjunar á svæðinu.

Hér að framan hefur undirritaður lýst þeirri niðurstöðu sinni að úrskurður óbyggðanefndar hafi í raun engu breytt varðandi framlag ríkisins til Landsvirkjunar. Þessi niðurstaða byggist þó á þeim fyrirvara að íslenska ríkið muni ekki síðar krefja Landsvirkjun um gjald fyrir lands- og vatnsréttindi sem sameignarsamningurinn frá 1. júlí 1965 gerir ráð fyrir. Verði það ekki gert tel ég réttarstöðu sameigenda Landsvirkjunar óbreytta. Nauðsynlegt er þó að koma þessum sjónarmiðum á framfæri við þá sem hagsmuna eiga að gæta.

Hér vil ég líka minna á ákvæði 5. gr. þjóðlendlaga nr. 58/1998. Þar segir efnislega að sá sem færir sönnur á tiltekin réttindi innan þjóðlendu skuli halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Engin áhöld eru um starfsemi Landsvirkjun á þjórsársvæðinu og um þau vatns- og landsréttindi sem nauðsynleg eru til starfrækslu fyrirtækisins. Ákvæði 5. gr. 1. nr. 58/1998 sýnast eiga við um Landsvirkjun og starfsemi þess á afrétti Gnúpverjahrepps. Geri ég því að tillögu minni, til þess að taka af allan vafa, að forsætisráðherra lýsi því yfir á grundvelli 5. gr. laganna, sbr. 3. gr. s.l., að Landsvirkjun muni halda fullum rétti samkvæmt lögum nr. 42/1983 um Landsvirkjun og að íslenska ríkið telji að greitt hafi verið fyrir vatns- og landsréttindi Landsvirkjunar á svæðinu með sameignarsamningnum frá 1. júlí 1965. Að mati undirritaðs ætti þetta að nægja og væri heppilegasta niðurstaðan, ef til ágreinings kemur við sameiganda. Forsætisráðherra fer með leyfisveitingar á þjóðlendusvæðum og Landsvirkjun sýnist uppfylla skilyrði 5. gr. laga nr. 58/1998 um óbreytta starfsemi. Lagasetningu mætti líka hugsa sér, ef allt um þrýtur. Hún er þó óheppileg af ýmsum ástæðum.

Virðingarfyllst,



Skarphéðinn Þórisson hrl.

Elín Valdís Þorsteinsdóttir

Subject: FW: Fw: Sendingin

Við eigum ekkert hreint eintak en yfirstrikaði textinn er þessi:

„Eðlilegast er því að skilgreina framlag íslenska ríkisins samkvæmt samningnum frá 1. júlí 1965 sem heimild til að nýta vatn á Þjórsársvæðinu og það land sem þurfti til að reka virkjun eða virkjanir.“

„Hér er eingöngu um hagnýtingarrétt að ræða, þ.e. óbein eignarréttindi.“

Bestu Kveðjur / Regards,

Sigríður Reynisdóttir
Forsætisráðuneytinu / Office of the Prime Minister
Stjórnarráðshúsinu 150 Reykjavík
Iceland

29.3.2006

Eftirfarandi spurningum óskast svarað vegna frv. til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar.

1. Í hverju verður skýrara eignarhald fólgið og hvaða óvissu verður eytt með fyrirhugaðri lagasetningu?

Í sameignarsamningi ríkisins og Reykjavíkurborgar árið 1965 eru tilgreindar þær eignir og önnur réttindi sem hvor aðili um sig lagði til fyrirtækisins og eignarhlutur þeirra í því byggðist á. Þar á meðal lagði ríkið fram tiltekin vatnsréttindi í Þjórsá ásamt nauðsynlegu landi til virkjunar þeirra við Búrfell. Þessi réttindi taldi ríkið sig komið að með afsali frá fossafélaginu Títan árið 1952, en þau hafði félagið keypt af Gnúpverjahreppi í byrjun 20. aldar ýmist beint eða fyrir milligöngu Einars Benediktssonar.

Meðeigendur ríkisins að Landsvirkjun hafa litið svo á að réttarstaða fyrirtækisins verði ekki að fullu tryggð, nema ríkinu verði með lögum heimilað að framselja Landsvirkjun þau réttindi, sem samningurinn frá 1965 tiltók, enda hefði framsal þeirra í ljósi niðurstöðu óbyggðanefndar byggst á vanheimild, sem ekki verði bætt úr á annan hátt. Á sínum tíma staðfestu bæði borgarstjórinn í Reykjavík og bæjarstjórinn á Akureyri þá afstöðu bréflaga og beindu því til ríkisstjórnarinnar að hún beitti sér fyrir lagasetningu í þá veru sem hjálagt frumvarp felur í sér.

Með frumvarpinu er ætlunin að skapa grundvöll fyrir ráðstöfun þeirra réttinda sem ríkið lagði Landsvirkjun til í sameignarsamningnum 1965 og mögulegri óvissu sem kann að leiða af breyttri stöðu eftir setningu laga nr. 58/1998 og úrskurðum óbyggðanefndar. Er þessum röksemdum nánar lýst í almennum athugasemdum með frumvarpinu, (einkum í niðurlagi kaflans: Breytt réttarskipan í Gnúpverja- og Landamannafréttum).

2. Spurt er í ljósi þeirrar niðurstöðu Óbyggðanefndar sem fram kemur í III.

Hvaða munur er á að afsala eins og stendur í 1. gr. og að leggja fram eins og stendur í A. lið 2. gr. sameignarsamningsins?

Ekki verður séð að um efnislegan mun sé á því hvort talað er um að afsala tilteknum réttindum eða leggja þau til sama aðila. Bæði orðin geta tekið til þess að yfirfæra bein eða óbein eignarréttindi til annars aðila þannig að hann öðlist ákveðin umráða- og/eða nýtingarrétt yfir þeim.

3. Óskað er rökstuðnings fyrir því þau hnit sem vísað er til í 1. gr. frv. séu í samræmi við 3. tölul. sameignarsamningsins?

Í niðurlagi almennra athugasemda með frumvarpinu og í skýringum við 1. gr. þess er nánar lýst þeim röksemdum og sjónarmiðum sem byggt er á við afmörkun landsins. Eins og þar kemur fram tekur afmörkun landssvæðisins mið af þeirri nýtingu sem lýst er í tilvitnuðu ákvæði sameignarsamningsins.

4. Í höndum hvers (hverra) verður eignarhald á því landi sem hnitsett er í 1. gr.?

Hér má vísa til ummæla í lokakafla almennra athugasemda með frumvarpinu: „... Landsvirkjun verður að eignarrétti eigandi að þeim hluta þjóðlendunnar og réttinda innan hennar sem samningsákvæði þetta tók til [3. tölul. A-liðar 2. gr. sameignarsamningsins]. Þar er annars vegar um að ræða vatnsréttindi í Þjórsá sem ríkið taldi sig komið að með afsalinu frá Títan 1952 að því marki sem þarf til að reka 210 MW virkjun og hins vegar með sama áskilnaði viðeigandi landskiki í Búrfells- og Skeljafellslandi sem teygir sig að óverulegu leyti inn á Landmannafrétt.“

5. Fyrir liggur vilji eignaraðila til að ríkið kaupi eignarhluta Reykjavíkur og Akureyrar í Landsvirkjun þó að þær viðræður liggja nú tímabundið niðri.

Spurt er verða einhver ágreiningsmál leyst með lagasetningunni sem hafa komið upp eða kynnu að koma upp í samningaviðræðunum?

Tilgangi frumvarpsins er lýst hér að framan og í almennum athugasemdum frumvarpsins. Eins og þar kemur fram tengist frumvarpið ekki mögulegum kaupum ríkisins á eignarhluta Reykjavíkur og Akureyrar.

6. Hvers virði eru þau réttindi sem frv. tekur til og hvers virði má ætla að þau verði eftir fyrirhugaða lagasetningu?

Í stofn-efnahagsreikningi Landsvirkjunar 1. janúar 1996 segir að réttindin séu metin á kr. 42.239.754.35. Eins og fram kemur í skýringum Svavars Pálssonar, löggilts endurskoðanda til stjórnar Landsvirkjunar 28. apríl 1966 kemur fram að til þess að framlög stofnaðila verði jöfn verði að bókfæra réttindin, ásamt landi sem ríkissjóður leggi fram á tilvitnaðri fjárhæð. Hér var því ekki um eiginlegt verðmat að ræða. Samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun hefur fjárhæðin í efnahagsreikningi Landsvirkjunar 31. desember 2005 verið framreiknuð á kr. 504.725.154,-

7. Hvernig má skýra mismunandi umfjöllun Óbyggðanefndar, annarsvegar í umfjöllun um réttindi Landsvirkjunar (undirstrikað í lið III) og hins vegar í niðurstöðum óbyggðanefndar í samandregnu máli (IV).

Báðar tilvísanirnar (í III og IV) vísa til umfjöllunar í kaflanum, “Um ráðstöfun lands- og vatnsréttinda á Gnúpverjaafrétti-úrskurður 21. mars 2002”. í almennum athugasemdum með frumvarpinu. Í kaflanum er rakið hvernig Gnúpverjahreppur komst yfir umrætt land og síðan ráðstöfun þess til ríkisins í júní 1951. Þá er tekin fyrir niðurstaða óbyggðanefndar um að umrætt svæði sé þjóðlenda. Því næst er fjallað um réttindi Landsvirkjunar samkvæmt lögum þ. á m. um Landsvirkjun eins og þau hafa verið á hverjum tíma. Tilvísun III vísar til þess hluta kaflans. Síðari tilvísunin IV vísar til umfjöllunar um niðurstöður óbyggðanefndar í samandregnu máli. Í þeim kafla er dregið saman það sem á undan er rakið þ.e. niðurstöður óbyggðanefndar um að svæðið sé þjóðlenda og að Landsvirkjun hafi ekki öðlast umrædd réttindi á grundvelli laga.

Af lestri kaflans í heild sinni er ljóst að óbyggðanefnd tekur til umfjöllunar hvort tilkall Landsvirkjunar hafi geta byggst á samningnum við Gnúpverjahrepp á sínum tíma eða á grundvelli laga. Niðurstaðan er í stuttu máli sú að um sé að ræða þjóðlendu. Hér er rétt að undirstrika að tilvísun IV vísar til niðurstaðna óbyggðanefndar í samandregnu máli.

8. Munu réttindi Landsvirkjunar aukast eða breytast verði frumvarpið að lögum? Ef svo er, að hvaða leyti?

Í dag er umrætt landsvæði þjóðlenda skv. úrskurði óbyggðanefndar. Frumvarpið miðar á hinn bóginn að því, að heimilt verði að afsala til sameignarfyrirtækisins Landsvirkjunar þeim réttindum sem vísað er til 3. tölul A-liðar 2. gr. sameignarsamningsins. Þannig gerir frumvarpið ekki ráð fyrir því að heimilt verði að afsala til fyrirtækisins öðrum réttindum en tilgreind eru í sameignarsamningum, sbr. 1. gr. frumvarpsins.

9. Getur frumvarpið hafa fordæmisgildi gagnvart öðrum svæðum þar sem Landsvirkjun hefur nýtingarrétt á? Eða gagnvart öðrum aðilum sem Óbyggðanefnd hefur úrskurðað gegn og misst réttindi?

Litið er svo á að hér sé um að ræða einstakt mál, sem varði eingöngu efni áður nefnds stofnsamnings við stofnun Landsvirkjunar og hafi þannig séð ekki fordæmisgildi.

10. Er verið að skerða þjóðlendu með þessu frumvarpi?

Í ljósi niðurstöðu óbyggðanefndar er svarið við þessari spurningu já.

Tilvitnanir í fylgiskjöl málsins:

I. Tillögugreinin.

Forsætisráðherra er heimilt að afsala til sameignarfyrirtækisins Landsvirkjunar þeim réttindum sem vísað er til í 3. tölul. A-liðar 2. gr. sameignarsamnings ríkisins og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun frá 1. júlí 1965, sbr. hnit á landabréfi í viðauka við lög þessi.

II. 3. tölul. A-liðar 2. gr. sameignarsamnings ríkisins og Reykjavíkurborgar.

„Samningsaðilar leggja fram til stofnunar fyrirtækisins:

A. Ríkissjóður:

1. Eignarhluta sinn í Sogsvirkjuninni.
2. Vatnsréttindi þau, sem ríkissjóður á í Soginu, ásamt lóðum, sem til þarf vegna mannvirkja, sem þegar eru fyrir hendi, eða síðar kunna að verða reist, til þess að hagnýta allt vatnsafl Sogsins, ásamt nauðsynlegum miðlunarvirkjum.
3. Vatnsréttindi vegna 210 MW virkjunar í Þjórsá við Búrfell, ásamt landi, sem til þarf vegna virkjunarinnar og réttindi til nauðsynlegra aðgerða ofar í ánni, vegna þessarar virkjunar.

4. Öll gögn varðandi undirbúning virkjunar við Búrfell, fram að 1. júlí '65, ásamt öllum mannvirkjum og framkvæmdum þar að lútandi.“

III. Réttindi Landsvirkjunar samkvæmt lögum.

Loks tók óbyggðanefnd til almennrar skoðunar og eignarréttarlegs mats þau réttindi sem Landsvirkjun hafa verið fengin að lögum eða í samræmi við lög. Um þetta sagði m.a. svo í niðurstöðu nefndarinnar:

Um er að ræða nokkurs konar og að öðru leyti óskilgreindan nýtingarrétt, sem stofnað er til í skjóli valdheimilda íslenska ríkisins og á grundvelli fullveldisréttar þess. Þau réttindi sem mælt er fyrir um í tilvitnuðum lögum verða eðli málsins samkvæmt túlkuð með þröngum hætti. Aðild ríkisins og framsal í formi þeirra lagaheimilda er fólgið í fullveldisrétti, yfirráða- eða umráðarétti, en ekki stofnun eignarréttar í hefðbundinni og stjórnskipulegri merkingu.

Samanburður á 4. gr., 6. gr. og 18. gr. laga nr. 59/1965, styður eindregið þá niðurstöðu að lögbundnar heimildir til handa Landsvirkjun til þess að reisa og reka raforkuver ásamt nauðsynlegum búnaði og tilfæringum, svo sem aðalorkuveitum, verði ekki skýrðar svo að með þeim heimildum hafi verið tilætlan löggjafans að stofna til hefðbundinna einkaeignarréttarlegra heimilda í skilningi 72. gr. stjórnarskrár

Eins og 'að framan er rakið hefur löggjafinn í skjóli valdheimilda sinna veitt Landsvirkjun með lögum, ákveðinn en þó óskilgreindan nýtingarrétt á svæði því sem um ræðir í máli þessu. Samkvæmt c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998 er það hlutverk óbyggðanefndar að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna. Þau sérstöku réttindi sem löggjafinn hefur veitt Landsvirkjun falla í öllum meginatriðum utan þeirrar hefðbundnu eignarréttarlegu skilgreiningar sem liggur nefndu lagaákvæði til grundvallar, sbr. og skilgreiningu eignarréttinda skv. 1. gr. laga nr. 58/1998.

IV. Niðurstöður óbyggðanefndar í samandregnu máli.

Í úrskurði óbyggðanefndar er með ítarlegum hætti gerð grein fyrir sölu Gnúpverjahrepps á vatnsréttindum í afrétti hreppsins í upphafi síðustu aldar. Gerð er grein fyrir framsali þessara réttinda með einkaréttarlegum samningum allt til þess tíma er ríkið lagði hluta þeirra fram sem framlag sitt við stofnun Landsvirkjunar árið 1965.

Óbyggðanefnd komst að þeirri niðurstöðu að Gnúpverjahreppur hefði ekki átt afréttinn og því hvorki verið bær til þess að afsala landi né vatnsréttindum. Landsvirkjun gæti því ekki byggt rétt á framsali eignarréttinda fyrir þann samning. Afrétturinn er því þjóðlenda í eigu ríkisins sem og þau landsréttindi og hlunnindi sem henni tilheyra. Óbyggðanefnd taldi enn fremur að lögbundin heimild til að framselja þessi réttindi til Landsvirkjunar, þar á meðal vatnsréttindin, hefði verið gerð með einkaeignarréttarlegri tilvísun til sameignarsamningsins þar sem afhent voru að hluta þau réttindi sem af hálfu ríkisins höfðu verið keypt af skilanefnd a/s Titan. Þar sem hinir einkaréttarlegu samningar, sem raktir verða til sölu Gnúpverjahrepps á lands- og vatnsréttindunum, voru ólögmætir sökum vanheimildar hreppsins var hvorki með einkaréttarlegu framsali né lögum hægt að framselja þessi réttindi til Landsvirkjunar. Það er því niðurstaða nefndarinnar að með löggiöf um Landsvirkjun og öðrum lögum sem fyrirtækið sækir rétt sinn til hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi Landsvirkjun til handa.



Alþingi
Erindi nr. P 132/1377
komudagur 20.3.2006

Alþingi
Elín Valdís Þorsteinsdóttir
nefndarritari
v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. mars 2006
Tilvísun: HI06020079/004

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 17. febrúar sl. þar sem Háskóla Íslands er gefinn kostur á að veita umsögn sína um frumvarp til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar, 456. mál 132. löggjafarþings.

Af hálfu Háskóla Íslands er ekki gerð athugasemd við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst

Kristín Ingólfssdóttir
háskólarektor

Nefndasvið Alþingis
Berist allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10

Tilvísun vor: 98.11
Dags.: 28.02.2006

150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn Landsvirkjunar - 456. mál

Með bréfi allsherjarnefndar, dags. 17. febrúar 2006, hefur Landsvirkjun borist til umsagnar frumvarp til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar, 456. mál. Umsögn fyrirtækisins fer hér á eftir.

Í úrskurði Óbyggðanefndar í máli nr. 7/2000 um Gnúpverjaafrétt, sem kveðinn var upp 21. mars 2002 var meðal annars skorið úr um eignarrétt á Búrfellssvæðinu vestan Þjórsár. Nefndin gerði grein fyrir sölu Gnúpverjahrepps á vatnsréttindum í afrétti hreppsins í upphafi síðustu aldar og framsali á þessum réttindum með einkaréttarlegum samningum allt þar til ríkið lagði fram hluta þeirra sem framlag sitt við stofnun Landsvirkjunar 1965.

Óbyggðanefnd komst að þeirri niðurstöðu að Gnúpverjahreppur hefði ekki átt afréttinn og því hvorki verið til þess bær að afsala landi né vatnsréttindum. Afrétturinn sé þjóðlenda í eigu ríkisins ásamt þeim hlunnindum sem sem henni tilheyra. Nefndin taldi því að lögbundin heimild til að framselja þessi réttindi til Landsvirkjunar, þar á veðal vatnsréttindin, hefði verið gerð með einkaeignarréttarlegri tilvísun til sameignarsamningsins þar sem afhent voru að hluta þau réttindi sem af hálfu ríkisins höfðu verið keypt af skilanevnd a/s Titan. Hinir einkaréttarlegu samningar sem raktir verða til sölu Gnúpverjahrepps á lands- og vatnsréttindum hafi verið ólögmatir og sökum vanheimildar hreppsins hafi hvorki með einkaréttarlegu framsali né lögum verið hægt að framselja þessi réttindi til Landsvirkjunar. Því hafi ekki stofnast beinar eignarréttarheimildir í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi Landsvirkjun til handa.

Í framhaldi af þessum úrskurði Óbyggðanefndar var á Alþingi, 128. löggjafarþingi 2002-2003, í febrúar 2003 lagt fram frumvarp til laga um heimild til að afsala tilteknum vatnsréttindum til virkjunar í Þjórsá ásamt landi sem til þarf í þessu skyni, 613. mál. Málið varð ekki útrætt.

Óbyggðanefnd kvað upp úrskurð 10. desember 2004 í máli 2/2003, Holta- og Landsveit ásamt Landmannaafrétti í Rangárþingi ytra. Í sambandi við Búrfellsvirkjun kom þar til skoðunar svæðið austan Þjórsár. Í úrskurði nefndarinnar er m.a. rakin tilurð þess að réttindi í Þjórsá voru seld Einari Benediktssyni og síðar íslenska ríkinu. Niðurstaða varðandi réttindi Landsvirkjunar var samskonar og verið hafði vestan árinna í úrskurðinum um Gnúpverjaafrétt. Ekki var heldur talið að Landsvirkjun gæti byggt eignarrétt á lögum eða hefð. Væri fyrirtækið því ekki eigandi landsréttinda, þ.m.t. vatnsréttinda á svæðinu í skilningi þjóðlendulaga. Fyrirtækið færi hins






vegar með eignarrétt að mannvirkjum/framkvæmdum sem það hefði reist á afréttinum og nyti lögvarins réttar til nýtingar þeirra.

Eigendur Landsvirkjunar, sem eru auk ríkisins, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær, hafa ætíð gengið út frá því að framlög eignaraðila við stofnun fyrirtækisins og síðar væru óskoruð eign þess. Hafa eignarhlutföll verið reiknuð út frá þessu ásamt öðrum réttindum og skyldum. Ber því brýna nauðsyn til að leiðrétta þann misskilning sem uppi hefur verið varðandi eignarhald á þeim réttindum sem ríkið lagði fram og koma þeim í það horf sem frá upphafi var ætlun allra aðila málsins.

Frumvarp það sem nú er til umsagnar er óbreytt frá fyrra frumvarpi að öðru leyti en því að eftir úrskurð Óbyggðanefndar 10. desember 2004 tekur frumvarpið nú einnig til lands- og vatnsréttinda austan Þjórsár.

Landsvirkjun leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Virðingarfyllst


Örlygur Þórðarson
yfirmaður lögfræðimála

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1191
komudagur 7.3.2006

Allsherjarnefnd Alþingis
Elín Valdís Þorsteinsdóttir
nefndarritari
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 03. mars 2006

2006020023/42-1

KHS/rsb

Búrfellsvirkjun - frumvarp til laga, 456. mál

Vísað er til bréfs Allsherjarnefndar Alþingis frá 17. febrúar sl. varðandi frumvarp til laga um Búrfellsvirkjun, þar sem beðið er um umsögn varðandi heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna virkjunarinnar, 456. mál.


Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri





ORKUSTOFNUN

Alþingi
Erindi nr. P 132/1176.
komudagur 6.3.2006

Grensásvegur 9
108 REYKJAVÍK
os@os.is

Sími - 569 6000
Fax - 568 8896
<http://www.os.is>

Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 03. mars 2006
Tilvísun: 2006020027
Bréfalykill: 50.13


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar.

Orkustofnun hefur borist erindi allsherjarnefndar Alþingis, dags. 17. febrúar 2006, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar, 456. mál.

Orkustofnun telur að í frumvarpinu felist lögleiðing á því sem lengi hefur verið talið staðreynd, þ.e. að Landsvirkjun væri eigandi umræddra vatnsréttinda og lands, eftir að ríkið lagði þau inn í fyrirtækið sem stofnframlag. Stofnunin gerir því ekki athugasemd við frumvarpið, enda telur stofnunin um undantekningu að ræða frá þeirri meginreglu að grunneignarréttur sé hjá ríkinu en greitt sé gjald fyrir afnot af auðlindum á ríkisjörðum og þjóðlendum.

Virðingarfyllst


Þorkell Helgason
orkumálastjóri



ÖBYGGÐANEFND

Alþingi
Erindi nr. P 132/1086
komudagur 27.2.2006

Reykjavík, 23. febrúar 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Efni: Beiðni um umsögn um frumvarp til laga um heimild til að afsala Landsvirkjun vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar. Þingskjal 681, mál 456.

Vísað er til bréfs nefndasviðs Alþingis, dags. 17. febrúar 2006, þar sem farið er fram á umsögn um frumvarp til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi á svokölluðu Búrfellssvæði.

Búrfellssvæði vestan Þjórsár tilheyrir landsvæði sem tekið var til úrskurðar hjá óbyggðanefnd 21. mars 2002 í máli 7/2000, Gnúpverjaafréttur, Þjórsárdalur og efstu jarðir í Gnúpverjahreppi. Niðurstaða óbyggðanefndar var sú að landsvæðið væri þjóðlenda. Búrfellssvæði austan Þjórsár var hins vegar tekið til úrskurðar 10. mars 2004 í máli 2/2004, Holta og Landsveit ásamt Landmannaafretti í Rangárþingi. Niðurstaða óbyggðanefndar var sú að landsvæðið væri þjóðlenda og afréttur.

Samkvæmt 2. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998, er íslenska ríkið eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Ráðstöfun lands og landsréttinda innan þjóðlendna er í höndum forsætisráðherra og eftir atvikum viðkomandi sveitarfélaga samkvæmt 3. gr. laganna. Þá er starfandi á vegum forsætisráðherra sérstök samráðsnefnd um málefni þjóðlendna sbr. 4. gr. laganna. Við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna er því óbyggðanefnd ekki ætlað neitt hlutverk að lögum sbr. einnig 7. gr. laganna.

Með vísan til framangreinds telur óbyggðanefnd það falla utan við verksvið sitt að veita umsögn um ráðstafanir, þ.m.t. afsal, á réttindum innan landsvæða sem nefndin hefur úrskurðað að séu þjóðlendum.

Virðingarfyllst,

Kristján Torfason, formaður



Reykjavíkurborg
Skrifstofa borgarstjórnar

Alþingi
Erindi nr. P 132/1008
komudagur 23.2.2006

Reykjavík, 21. febrúar 2006
R06020102
175
ÓKH/isg

ORÐSENDING


Viðtakandi: Stjórnsýslu- og starfsmannasvið - lögfræðiskrifstofa

Sendandi: Skrifstofa borgarstjórnar

Frumvarp til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi v. Búrfellsvirkjunar, 456. mál

Borist hefur borgarráði bréf allsherjarnefndar Alþingis frá 17. þ.m., þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar, 456. mál.

Erindinu, sem fylgir í ljósriti, er hér með vísað f.h. borgarráðs til meðferðar stjórnsýslu- og starfsmannasviðs - lögfræðiskrifstofu.


Jónína Björgvinsdóttir

Afrit:
Allsherjarnefnd Alþingis




Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 132/1141
komudagur 3.3.2006
Reykjavík, 2. mars 2006
R06020102
175
GE/isg

Alþingi - Allsherjarnefnd
Elín Valdís Þorsteinsdóttir, nefndarritari
Alþingi
101 REYKJAVÍK

Frumvarp til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi v. Búrfellsvirkjunar

Fyrir hönd borgarráðs er hér með framsend umsögn skrifstofustjóra lögfræðiskrifstofu stjórnslu- og starfsmannasviðs frá 28. f.m. um frumvarp til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi v. Búrfellsvirkjunar.


Gunnar Eydal
e.u.

Afrit:
Skrifstofustjóri lögfræðiskrifstofu
stjórnslu- og starfsmannasviðs



Borgarráð

Frumvarp til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi v. Búrfellsvirkjunar

Allsherjarnefnd Alþingis hefur sent Reykjavíkurborg til umsagnar frumvarp til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar, 456. mál.

Tildrög þess að frumvarp þetta er komið fram er fyrst og fremst úrskurður óbyggðarnefndar um Gnúpverjaafrétt frá 21. mars 2002 en einnig sambærileg niðurstaða nefndarinnar í úrskurði um Landmannaafrétt frá 10. desember 2002 en úrskurðirnir varpa nýju ljósi á eignarhald á vatns- og landsréttindum á svæði Búrfellsvirkjunar. Í greinargerð með frumvarpinu eru ítarlega raktar annarsvegar sala Gnúpverjahrepps og hinsvegar sala Landmannahrepps og Holtahrepps á vatns- og landréttindum í afrétti hreppanna í upphafi síðustu aldar sem og framsali þessara réttinda með einkaréttarlegum samningum allt til þess tíma er íslenska ríkið lagði þessi vatnsréttindi fram sem framlag ríkisins við stofnun sameignarfyrirtækisins Landsvirkjunar árið 1965. Þá er rakið að óbyggðanefnd hafi í framangreindum úrskurðum komist að þeirri niðurstöðu að hrepparnir hafi ekki átt þá tvo afrétti sem vatnsréttindin voru í og hafi því ekki getað ráðstafað þeim réttindum.

Hinn 1. júlí 1965 var undirritaður samningur milli borgarstjórnar Reykjavíkur og ríkisstjórnar Íslands um Landsvirkjun. Meðal þess sem ríkið lagði til sem stofnframlag samkvæmt samningnum voru vatnsréttindi vegna 210 MW virkjunar í Þjórsá við Búrfell ásamt landi sem til þurfti vegna virkjunarinnar, sbr. 2. gr. sameignarsamningsins. Hafa þau ásamt öðru tryggt ríkinu helmings hlut þess í Landsvirkjun. Af niðurstöðu óbyggðanefndar í úrskurðunum tveimur leiðir að hinir einkaréttarlegu samningar, sem raktir verða til sölu Gnúpverjahrepps og Landmannahrepps og Holtahrepps á vatns- og landréttindum í afrétti hreppanna og leiddu til framsals réttindanna til Landsvirkjunar, voru ólögmatir sökum vanheimilda í upphafi. Því er brýn nauðsyn á því að bregðast við þessari breyttu réttarskipan á Búrfellssvæðinu.

Með frumvarpinu er ríkinu heimilað að framselja Landsvirkjun þau réttindi sem samningurinn frá 1965 tók til og tryggir það því, nái frumvarpið fram að ganga, óbreytta réttarstöðu Landsvirkjunar sem eiganda að umræddum réttindum í samræmi við upphaflegan tilgang ríkisins. Er frumvarpið í fullu samræmi við óskir og afstöðu Reykjavíkurborgar, sem sett var fram strax í kjölfar úrskurðar óbyggðanefndar um Gnúpverjaafrétt, sbr. meðfylgjandi bréf borgarstjóra til iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, dags. 4. desember 2002.

Kristbjörg Stephensen hdl.
skrifstofustjóri lögfræðiskrifstofu

Hjálagt:

- bréf borgarstjóra, dags. 4. desember 2002

Reykjavík, 4. desember 2002

R02040031

0523

HBK/ás

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið
Þorgeir Örlygsson, ráðuneytisstjóri
Amarhvoli
150 REYKJAVÍK

Afstaða Reykjavíkurborgar til álitsgerðar ríkislögmans um úrskurð óbyggðanefndar nr. 7/2000.

Vísað er til umsagnar borgarlögmans frá 5. apríl sl. um úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 7/2000, Gnúpverjaafréttur, Þjórsárdalur og efstu jarðir í Gnúpverjahreppi, en umsögnin var send ráðuneytinu með bréfi dags. 12. apríl sl. Í framhaldi af því óskaði forsætisráðuneytið álits ríkislögmans á úrskurði óbyggðanefndar og umsögn borgarlögmans. Með bréfi iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins frá 8. nóvember sl. var leitað eftir afstöðu Reykjavíkurborgar til niðurstöðu ríkislögmans. Af því tilefni samdi borgarlögmaður viðbótarumsögn dags. 25. nóvember sl. sem afhent var ráðuneytisstjórum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og forsætisráðuneytis á fundi sama dag.

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar er þess farið á leit að iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið beiti sér fyrir því að samið verði frumvarp til laga sem tryggja að lögð verði til Landsvirkjunar þau eignar- og afnotaréttindi sem íslenska ríkið eignaðist með kaupsamningi milli íslenska ríkisins og skilaneufndar a/s Titan 5. júní 1951 og íslenska ríkið lagði síðan til Landsvirkjunar með samningi borgarstjórnar Reykjavíkur og ríkisstjórnar Íslands um Landsvirkjun frá 1. júlí 1965.

Óskað er eftir að haft verði samráð við borgaryfirvöld um frumvarpið og það verði lagt fyrir borgarráð til umsagnar áður en það verður lagt fyrir Alþingi. Lögð er áhersla á að máli þessu verði hraðað og að væntanlegt frumvarp verði afgreitt á yfirstandi þingi.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Reykjavík, 28. nóvember 2002

R02040031

0523

HBK/ABM

Til borgarstjóra
Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur.

Álitsgerð ríkislögmans frá 12. september s.l. í tilefni af úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 7/2000 og umsögn borgarlögmans frá 5. apríl s.l.

I.

Vísað er til umsagnar undirritaðs, dags. 5. apríl s.l., um úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 7/2000, Gnúpverjaafréttur, Þjórsárdalur og efstu jarðir í Gnúpverjahreppi. Tilefni umsagnarinnar var meðal annars fréttáflutningur af úrskurði óbyggðanefndar, en í Morgunblaðinu hinn 2. apríl s.l. er t.d. haft eftir skrifstofustjóra orkusviðs í iðnaðarráðuneytinu eftirfarandi:

„Það að Landsvirkjun hafi nýtingarrétt en ekki eignarrétt þýðir að Landsvirkjun er heimilt að nýta þessa auðlind, en jafnframt er ríkinu heimilt að taka gjald fyrir nýtingu hennar samkvæmt þjóðlendulögunum. Þetta þýðir að Landsvirkjun ætti að greiða nokkurs konar auðlindargjald fyrir að nýta þessi vatnsréttindi sem þau töldu áður réttilega vera í sinni eigu.“

Í tilefni af úrskurði óbyggðanefndar og umsagnar undirritaðs frá 5. apríl s.l. óskaði forsætisráðuneytið álits ríkislögmans á því hvort niðurstaða óbyggðanefndar, að því er varðar Gnúpverjaafrétt, raski þeim réttindum, sem ríkið lagði til Landsvirkjunar, sbr. 3. tl. A-liðar 2. gr. sameignarsamnings ríkisins og Reykjavíkurborgar frá 1. júlí 1965 og eignarhald ríkisins í fyrirtækinu er ásamt öðru miðað við, sbr. 1. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun.

Í álitsgerð, dags. 12. september s.l., kemst ríkislögmaður að þeirri niðurstöðu að úrskurður óbyggðanefndar raski ekki þeim réttindum sem ríkið lagði til Landsvirkjunar, samkvæmt framangreindu samningsákvæði, enda hafi þau ekki falið í sér beina eignayfirfærslu í einkaeignarréttarlegum skilningi. Jafnframt gerir ríkislögmaður að tillögu sinni til að taka af allan vafa, að forsætisráðherra lýsi því yfir á grundvelli 5. gr. laganna (lög nr. 58/1998) sbr. 3. gr. s.l., að Landsvirkjun muni halda fullum rétti samkvæmt lögum nr. 42/1983 um Landsvirkjun og að íslenska ríkið telji að greitt hafi verið fyrir vatns- og landsréttindi Landsvirkjunar á svæðinu með sameignarsamningnum frá 1. júlí 1965 .“

II.

Með bréfi, dags. 8. nóvember s.l., óskaði iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið eftir afstöðu Reykjavíkurborgar til niðurstöðu ríkislögmans.

Ríkislögmaður kemst að þeirri niðurstöðu að úrskurður óbyggðanefndar hafi hvorki breytt eignarhlutföllum né réttarstöðu eigenda Landsvirkjunar, þar sem að í framsali þeirra réttinda sem ríkið lagði til fyrirtækisins við stofnun þess, hafi ekki falist bein eignayfirfærsla (beinn eignarréttur) heldur eingöngu hagnýtingarréttur (óbeinn eignarréttur) á vatni og landi sem

þurfi til að reka virkjun eða virkjanir. Ennfremur telur ríkislögmaður að ekki verði hróflað við þessum réttindum þrátt fyrir niðurstöðu óbyggðanefndar. Í rökstuðningi sínum vísar ríkislögmaður til umfjöllunar óbyggðanefndar um Landsvirkjun í úrskurði nefndarinnar, bls. 208 o.áfr., samninga hreppsnefndar Gnúpverjahrepps við Einar Benediktsson um lands- og vatnsréttindi og skýringa óbyggðanefndar á samningi ríkisins við skilanevnd a/s Titan 1951 með skírskotun til sameignarsamningsins frá 1. júlí 1965 um Landsvirkjun. Á grundvelli framangreindra gagna telur ríkislögmaður ósannað að skilja megi framsal íslenska ríkisins samkvæmt 3. tl. A-liðar 2. gr. sameignarsamningsins frá 1. júlí 1965 sem hefðbundið einkaréttarlegt framsal fasteignar. Við mat sitt taldi ríkislögmaður miklu máli skipta að íslenska ríkið gat framselt hagnýtingarrétt á svæðum sem ekki voru undirorpin einkaeignarrétti gegn greiðslu í skjóli valdheimilda sinna sem fullvalda ríki. Viðskipti íslenska ríkisins við skilanevnd a/s Titan í þessu samhengi voru aukaatriði að mati ríkislögmanns og án beinna tengsla við framlag ríkisins til Landsvirkjunar síðar.

Niðurstöður ríkislögmanns eru í ósamræmi við úrskurð óbyggðanefndar. Þau gögn sem hér verður að hafa til hliðsjónar eru eftirfarandi:

1. Samningur Gnúpverjahrepps við Fossafélagið a/s Titan 19. febrúar 1914.
 2. Samningur skilanevndar a/s Titan og íslenska ríkisins 8. júní 1951.
 3. Sameignarsamningur íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar 1. júlí 1965.
- Hinn 19. febrúar 1914 seldi Sturla Jónsson, í umboði Gnúpverjahrepps, Fossafélaginu a/s Titan vatnsréttindi sem hreppurinn taldi sig eiga. Í fyrstu grein samnings er tilgreint nákvæmlega hvað selt var:

Hið selda er:

- a) Eignarhluti seljanda í Gljúfurleitarfossi í Þjórsá ásamt öllu vatni og árfarvegi 200 – tvö hundruð – faðma upp ána frá fossinum og 200 – tvö hundruð – faðma niður ána frá fossinum svo og með 400 – fjögur hundruð – faðma breiðri landsspildu af landi hreppsins meðfram ánni er sje á lengd 200 – tvö hundruð – faðmar upp með ánni frá fossinum og 200 – tvö hundruð – faðmar niður með ánni frá fossinum.
 - b) Eignarhluti seljanda í Tröllkonufossi og Þjófafossi í Þjórsá ásamt öllu vatninu og árfarvegi í báðum þessum fossum og alla leið á milli þeirra og ennfremur 500 – fimm hundruð – faðma upp ána frá Tröllkonufossi og 500 – fimm hundruð – faðma niður ána frá Þjófafossi, svo og með 200 – tvö hundruð – faðma breiðri landsspildu meðfram ánni alla leið milli ofangreindra enditakmarka 500 föðmum fyrir ofan Tröllkonufoss og 500 föðmum fyrir neðan Þjófafoss.
 - c) Eignarhluti seljanda í Hávafossi í Fossá ásamt öllu vatni og árfarvegi 1000 – eitt þúsund – faðma upp ána frá fossinum og 1000 – eitt þúsund – faðma niður ána frá fossinum svo og með 300 – þrjú hundruð – faðma breiðri landsspildu úr landi hreppsins milli tjeðra enditakmarka fyrir ofan og neðan fossinn.
 - d) Eignarhluti seljanda í Hjálparfossi í Fossá ásamt öllu vatni og árfarvegi 200 – tvö hundruð – faðma upp ána frá fossinum og 200 – tvö hundruð – faðma niður ána frá fossinum svo og með 300 – þrjú hundruð – faðma breiðri landsspildu af landi hreppsins milli tjeðra endimarka fyrir ofan og neðan fossinn.
 - e) Geldingaárfoss í Geldingaá ásamt öllu vatni og árfarvegi. Kaupinu eru undan- skilinn allur námarjettur hvers kyns sem er í ofannefndum landssvæðum hreppsins.
- Samningi þessum var þinglýst án athugasemda þann 19. júní 1914. Hrepps-nefnd Gnúpverjahrepps gaf síðan út fullt afsal 16. júlí sama ár, þegar gerð höfðu verið öll skil fyrir umsömdu kaupverði, og var það fyrirfram innritað 1. október 1914 til þinglýsingar í Gnúpverjahreppi 1915.

Hinn 8. júní 1951 var undirritaður kaupsamningur milli íslenska ríkisins og skilanevnd a/s Titan.

Í samningnum sagði:

Íslands landbrugsminister på den ene side og aktieselskabet Titan med værning i Reykjavík på den anden side har indgået sådan kontrakt:

A/S Titan overdrager herved til den islandske stat alle vandrettigheder, som selskabet ejer i Þjórá og bifloder og søer samt alle de rettigheder til afbenyttelse af jord, som, selskabet har erhvervet; i forbindelse med vandrettighederne og til brug i forbindelse med forventede elektriske anlæg, desuden sælger selskabet landbrugsministeriet gården Þjótandi I Villingaholtssogn.

De rettigheder, som ifølge ovenskrevne bliver solgt, har selskabet erhvervet ved de nedenfor nævnte tinglæste dokumenter:

— 25. Skøde, dateret d. 15. juli 1914, angående Háifoss og Hjálparfoss í Fossá (Skeiðarhreppurs andel).

— 26. Skøde, dateret d. 15. juli 1914, angående Gljúfurleitarfoss, Tröll-konufoss og Þjófafoss í Þjórsá, Háifoss og Hjálparfoss í Fossá og Geldinga-árfoss í Geldingá (Gnúpverjahreppurs andel).

— 27. Skøde, dateret d. 2. september 1923, angående, Búrfell og Skeljafell í Gnúpverja-hreppsafréttur.

Disse dokumenter har köbereren gjort sig bekendt med og ejendommene sælges med de rettigheder, som deri nævnes, således påtager köbereren sig samtidig de forpligtelser som nævnte ejendomsrettigheder pålægger ejeren.

Kaupsamningurinn var áritaður um afsal til íslenska ríkisins 16. janúar 1952 og var þinglýst athugasemdalaust 29. janúar sama ár

Hinn 1. júlí 1965 var undirritaður samningur milli borgarstjórnar Reykjavíkur og ríkis-stjórnar Íslands um Landsvirkjun. Þar segir í 2. gr.:

Samningsaðilar leggja fram til stofnunar fyrirtækisins:

„A. Ríkissjóður:

1. Eignarhluta sinn í Sogsvirkjuninni.
2. Vatnsréttindi þau, sem ríkissjóður á í Soginu, ásamt lóðum, sem til þarf vegna mannvirkja, sem þegar eru fyrir hendi, eða síðar kunna að verða reist, til þess að hagnýta allt vatnafl Sogsins, ásamt nauðsynlegum miðlunaryrkjum.
3. Vatnaréttindi vegna 210 MW virkjunar í Þjórsá við Búrfell, ásamt landi, sem til þarf vegna virkjunarinnar og réttindi til nauðsynlegra aðgerða ofar í ánni, vegna þessarar virkjunar.
4. Öll gögn varðandi undirbúning virkjunar við Búrfell, fram að 1. júlí '65, ásamt öllum mannvirkjum og framkvæmdum þar að lútandi.“

Í sameignarsamningnum var ekki að finna ákvæði um hve stóran eignarhluta hvor aðili ætti.

Niðurstaða óbyggðanefndar um framangreinda samninga var svohljóðandi:

„Fyrr í þessum úrskurði hefur verið fjallað um Gnúpverjafrétt í kafla 11.12 og var þar komist að þeirri niðurstöðu að Gnúpverjafréttur hefði aldrei verið undir-orpinn einkaeignarétti eða hafi svo verið að öllu eða einhverju leyti í upphafi byggðar þá sé sá eignaréttur niður fallinn. Réttur viðkomandi afréttarhafa felist þannig fyrst og fremst í beitarrétti, veiðirétti og eftir atvikum öðrum þrengri notum, eða því sem hefur verið kallað afréttareign.“

Í samræmi við þá niðurstöðu verður að telja að Gnúpverjahrepp hafi skort eignarheimildir til þess að ráðstafa vatns- og landsréttindum á Gnúp-verja-afreitti. Fossafélagið a/s Titan var þannig ekki réttilega komið að þeim lands- og vatnsréttindum sem skilanefnd félagsins seldi ríkissjóði þann 8. júní 1951 og ríkis-sjóður lagði síðan fram sem eignarhluta við stofnun Landsvirkjunar, sbr. 3. tl. A-liðar 2. gr. sameignarsamningsins frá 1. júlí 1965. Getur Landsvirkjun þannig ekki byggt rétt á framsali eignarréttinda fyrir þann samning.“

III.

Fyrirtækið Landsvirkjun var stofnað með lögum nr. 59/1965. Samkvæmt 1. gr. laganna voru stofnendur fyrirtækisins ríkissjóður og Reykjavíkurborg og átti hvor aðili helming fyrirtækisins.

Í 1. mgr. 4. gr. laganna var svohljóðandi ákvæði:

„Landsvirkjun tekur við öllum eignum Sogsvirkjunar og eimhverfilsstöð Reykjavíkurborgar við Elliðaár ásamt áhvilandi skuldum og rekstri þessara mann-virkja með öllum réttindum og skyldum, er honum fylgja. Jafnframt tekur Lands-virkjun við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins og Reykjavíkurborgar til virkjana í Sogi og Þjórsá við Búrfell, sbr. 6. gr., svo og öllum áætlunum og undir-bún-ingsframkvæmdum ríkisins vegna virkjunar við Búrfell.“

Með setningu laga nr. 37/1971 voru gerðar verulegar breytingar á lögum nr. 59/1965 um Landsvirkjun.

Helstu breytingar voru þær, að samkvæmt 2. gr. var bætt nýrri málsgrein við 4. gr. laganna svohljóðandi:

„Landsvirkjun tekur enn fremur við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjana í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss, sbr, 6. gr.“

Samkvæmt 4. gr. þessara laga kom ný grein í stað 6. gr. laganna og hljóðaði greinin þannig eftir breytinguna:

„Landsvirkjun er heimilt:

- 1. Að reisa allt að 210 MW raforkuver í Þjórsá við Búrfell, ásamt aðalorkuveitum.*
- 2. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Hrauneyjafoss, ásamt aðalorkuveitum.*
- 3. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Sigöldu, ásamt aðalorkuveitum.*

Landsvirkjun er jafnframt heimilt að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna í Tungnaá og milli þeirra og Búrfellsvirkjunar, sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þessara virkjana á hverjum tíma. Nær heimildin m.a. til stíflu-gerðar í Þórisós og Köldukvísl og að veita Köldukvísl um skurð í Þórisvatn og þaðan um skurð í Tungnaá. Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að reisa eldneytisaflostöðvar þær sem fyrirtækið telur rétt að koma upp.“

Ný lög um Landsvirkjun nr. 42/1983 voru samþykkt á Alþingi 23. mars 1983 og komu þau í stað laga nr. 59/1965 með þeim breytingum sem gerðar höfðu verið á þeim. Þar segir í 4. gr:

„Landsvirkjun er eigandi raforkuvera, annarra mannvirkja, vatns-réttinda og búnaðar sem fyrirtækið hefur eignast fyrir setningu laga þessara.“

Samkvæmt sameignarsamningi ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrar-bæjar, dag-settum 27. febrúar 1981, tekur Landsvirkjun hinn 1. júlí 1983 við eignarhlut ríkissjóðs og Akureyrarbæjar í Laxárvirkjun.“

Af upptalningu tilvitnaðra lagaákvæða og með skírskotun til þeirra einkaréttarlegu samninga sem varða málefni það sem hér er til umfjöllunar er að mati undirritaðs engum vafa undirorpið að greiðsluframlag íslenska ríkisins samkvæmt sameignarsamningi frá 1. júlí 1965 um Landsvirkjun hafi verið þau fasteigna- og vatnsréttindi sem ríkið taldi sig komið að með samningum við skilanevnd a/s Titan, sbr. kaupsamningur frá 8. júní 1951.

Til frekari stuðnings þessari niðurstöðu vísast til þess að í upphaflegu lögnum um Landsvirkjun nr. 59/1965 er beinlínis gert ráð fyrir því, sbr. t.d. 4. og 5. gr. lag-anna, sbr. 6. gr. þeirra, að Landsvirkjun séu lögð til ákveðin eignarréttindi, þar með talin vatnsréttindi, en það er gert með einkaeignarréttarlegri tilvísun til sameignarsamningsins, þar sem afhent eru þau réttindi sem af hálfu ríkisins höfðu verið keypt af skilanevnd a/s Titan, sbr. 3. tl. A-liðar 2. gr. samningsins. Framangreint sjónarmið endurspeglast í úrskurði óbyggðanefndar varðandi réttarstöðu Landsvirkjunar en í umfjöllun nefndarinnar um framlag íslenska ríkisins til Landsvirkjunar telur nefndin að um sé að ræða þau fasteigna- og vatnsréttindi sem ríkið taldi sig komið að með samningum við skilanevnd a/s Titan.

IV.

Óumdeilt er að ríkið hefur með sameignarsamningum og lögum um Landsvirkjun, sbr. lög nr. 59/1965, ásamt síðari breytingum, sbr. núgildandi lög nr. 42/1983 lagt fyrirtækinu til ákveðin vatns- og landsréttindi. Hafa réttindin verið metin sem eigendaframlag ríkisins til fyrirtækisins og m.a. tryggt ríkinu helmings hlut í því. Í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 7/2000, komst nefndin að þeirri niðurstöðu, hvað varðar málefni það sem hér er til umfjöllunar, að Gnúpverjahreppur hafi aldrei eignast Gnúpverjaafrétt hvorki fyrir nám, hefð, löggæringa né öðrum hætti. Af þeim sökum hafi Gnúpverjahreppur skort eignarheimildir til þess að ráðstafa vatns- og landsréttindum á Gnúpverjaafrétti. Fossafélagið a/s Titan var þannig ekki réttilega komið að þeim lands- og vatnsréttindum sem skilanevnd félagsins seldi ríkissjóði þann 8. júní 1951 og ríkis-sjóður lagði síðan fram sem eignarhluta við stofnun Landsvirkjunar, sbr. 3. tl. A-liðar 2. gr. sameignarsamningsins frá 1. júlí 1965. Þar sem hinir einkaréttarlegu samningar sem raktir verða til sölu Gnúpverjahrepps á vatnsréttindum voru ólögumætir sökum vanheimildar hreppsins var hvorki unnt með einkaréttarlegu framsali né lögum að framselja réttindin til Landsvirkjunar. Getur Landsvirkjun þannig ekki byggt rétt á framsali eignarréttinda fyrir þann samning.

Forstjóri Landsvirkjunar virðist vera sömu skoðunar og gerð er grein fyrir í umsögn þessari, en í Morgunblaðinu 2. apríl s.l. segir forstjórinn:

„Það sem gerist nú í kjölfar úrskurðar óbyggðanefndar er að ríkið hlýtur að þurfa að standa við það sem það ætlaði að gera við stofnun Landsvirkjunar, að sjá til þess að þau vatnsréttindi sem lögð voru til við stofnun fyrirtækisins séu hjá því og hafi umráðarétt yfir þeim eins og gert var ráð fyrir í upphafi. Ég býst við að sameigendur ríkisins í Landsvirkjun sætti sig ekki við annað.“

Í umsögn undirritaðs hinn 5. apríl s.l. er komist að þeirri niðurstöðu að úrskurður óbyggðanefndar hafi í för með sér breytingu á lögbundnum eignarhlutföllum eigenda Landsvirkjunar. Jafnframt að nauðsynlegt sé að fulltrúar eigenda fyrirtækisins fari yfir þá stöðu sem upp er komin og ákveði hvernig brugðist verði við. Ríkislögmaður telur að tryggja megi óbreytt réttindi Landsvirkjunar með yfirlýsingu forsætisráðherra á grundvelli 5. gr. laga nr. 58/1998. Þá bendir hann á að hugsa mætti sér lagasetningu, ef allt um þrýtur en hún sé þó

óheppileg af ýmsum ástæðum. Þessi fullyrðing er ekki skýrð í álitum ríkislögmanna. Undirritaður vekur athygli á að lagasetning er grundvöllur þeirra réttinda sem íslenska ríkið ætlaði að yfirfæra til Landsvirkjunar. Að mati óbyggðanefndar reyndist lagasetningin ófullnægjandi þar sem hún byggðist á einkaeignarréttarlegu framsali. Óbyggðanefndin bendir á að með lögum nr. 58/1998 hafi nú verið stofnað til eignarréttar íslenska ríkisins á öllu því landi sem við gildistöku laganna var eigendalaust og að ríkið fari með viðkomandi eignarheimildir í samræmi við 2. kafla laga nr. 58/1998. Lögtaka laganna hafði þannig, að mati óbyggðanefndar, grundvallarbreytingu í för með sér á hefðbundinni eignarréttarlegri stöðu Landsvirkjunar á þeim landsvæðum. Í úrskurðinum kemur fram að það sé á færi til þess bættra handahafa ríkisvalds að mæla nánar fyrir um og/eða skilgreina frekar réttarstöðu Landsvirkjunar að breyttri réttarskipan. Undirritaður telur að nauðsynlegt sé að gera það með lögum frá Alþingi.

Hjörleifur B. Kvaran, hrl.

Samvinnunefnd um **miðhálandi Íslands**

Nefndarsvið Alþingis
nefndarsvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1514
komudagur 3.4.2006

Reykjavík 29. mars 2006


Mál: Frumvarp til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar, 456.

Samvinnunefnd miðhálandis tók fyrir á fundi sínum sem haldinn var 16. og 17. mars sl. erindi Alþingisnefndar varðandi umsögn um frumvarp til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar, 456 mál.

Formaður kynnti frumvarpið.

Hann teldi að þrátt fyrir að nefndarmenn kynnu að hafa margar og mismunandi skoðanir um þetta mál þá ætti umsögn nefndarinnar að snúa einungis að verkefni nefndarinnar. Samvinnunefnd miðhálandis fjallar um skipulagsmál hálandisins óháð eignaraðild auk þess sem Búrfellsvirkjun er utan skipulagssvæðis miðhálandisins.

Virðingarfyllst



Óskar Bergsson formaður
Samvinnunefndar miðhálandis

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1484
komudagur 28.3.2004



Nefndasvið Alþingis
allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

© (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

22. mars 2006

Skjalanúmer: 54

Tilvísun: UST20060200116/KG

Frumvarp til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar, 456. mál

Vísað er til erindis allsherjarnefndar, dags. 17. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar.

Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu lýtur frumvarpið að því að uppfylla ákvæði samnings um stofnun Landsvirkjunar þar sem íslenska ríkið lagði til land og vatnsréttindi vegna Búrfellsvirkjunar en samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar um Gnúpverjafrétt dags. 21. mars 2002 og Landmannafrétt dags. 10. desember 2004 telst svæðið vera þjóðlenda og Landsvirkjun því hvorki eigandi að svæðinu né nefndum réttindum.

Umrætt svæði hefur þegar verið raskað og skilgreint sem iðnaðarsvæði á aðalskipulagi sveitarfélaga, jafnframt því að þar hefur verið rekin virkjun í meira en 30 ár. Umhverfisstofnun telur með hliðsjón af framangreindu að út frá náttúruverndarsjónarmiðum sé ekki ástæða til að gera athugasemdir við frumvarpið. Umræða um það hvort réttara sé að ríkið haldi eignarrétti sínum í samræmi við úrskurði óbyggðanefndar og innheimti leigu eða endurgjald í samræmi við 3. gr. þjóðlendulaga er utan við verksvið stofnunarinnar og tekur hún ekki afstöðu til þessa.

Virðingarfyllst,


Davíð Egilson
forstjóri


Sigurbjörg Gísladóttir
forstöðumaður